

2019-2020

Umbótaáætlun Akurskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Námsárangur	3
Þörf fyrir umbætur	3
Markmið	3
Áætlun um aðgerðir	3
Hvað hefur verið framkvæmt?	4
Mat á árangri	4
Umræður um umbótaþátt.....	4
Innleiðing aga/uppeldisstefnu	5
Þörf fyrir umbætur	5
Markmið	5
Áætlun um aðgerðir	5
Hvað hefur verið framkvæmt?	5
Mat á árangri	5
Umræður um umbótaþátt.....	5
Umbótateymi	7
Þörf fyrir umbætur	7
Markmið	7
Áætlun um aðgerðir	7
Hvað hefur verið framkvæmt?	7
Mat á árangri	7
Umræður um umbótaþátt.....	7
Tengsl við foreldra – sýnileiki skólans	8
Þörf fyrir umbætur	8
Markmið	8
Áætlun um aðgerðir	8
Hvað hefur verið framkvæmt?	8
Mat á árangri	8
Umræður um umbótaþátt.....	9

Inngangur

Þetta skjal er umbótaáætlun Akurskóla og er áætlun um þær aðgerðir sem starfsfólk skólans ætlar að ráðast í á komandi mánuðum og árum til að gera gott skólastarf enn betra.

Mat á því hvaða umbætur er ráðist í byggir fyrst og fremst á sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2018-19 en einnig sameiginlegum ákvörðunum um breyttar áherslur og/eða vinnulag alls skólasamfélagsins.

Sjálfsmatsskýrsla Akurskóla, umbótaáætlun, starfsáætlun skólans og skólanámskrár eru tengd skjöl. Sjálfsmatsskýrslan er rituð út frá niðurstöðum innra- og ytra mats á skólastarfinu. Fyrst og fremst er byggt á niðurstöðum formlegra athugana og kannana á ýmsum þáttum skólastarfsins sem reglubundið eru lagðar fyrir og ýmsum prófum og skimunum sem meta árangur nemenda.

Umbótaáætlunin er síðan viðbrögð við sjálfsmatsskýrslunni. Öll þessi skjöl eru hagnýt gögn sem taka breytingum frá ári til árs og halda utan um skólaþróunina.

Í Skólanámskrá og starfsáætlun skólans má finna þau markmið sem stefnt er að í skólastarfinu.

Köflunum um umbótaþættina er skipt upp í sex kafla.

1. Þörf fyrir umbætur sem greinir frá ástæðum þess að ráðist er í umbætur á þessum þætti skólastarfsins.
2. Markmið sem greinir frá að hverju er stefnt.
3. Áætlun um aðgerðir greinir frá því hvað skólinn ætlar að gera til að ná settum markmiðum.
4. Hvað hefur verið framkvæmt greinir frá því hvað hefur verið framkvæmt síðast liðin misseri og skiptir máli með framhaldið.
5. Mat á árangri greinir frá hvernig á að meta árangur.
6. Umræður um umbótaþátt fjallar almennt um umbótaþáttinn og þá umræðu sem hefur farið fram innan skólans um hann bæði í tengslum við sjálfsmatið og vinnslu umbótaáætlunar.

Námsárangur

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og kennarar

Pörf fyrir umbætur

Á undanförunum árum hafa nemendur ekki sýnt þann námsárangur sem viðmið hafa verið sett um. Árangur á samræmdum prófum hefur verið undir landsmeðaltali og niðurstöður skimana í lestri og stærðfræði hafa ekki verið ásættanlegar. Þá hefur komið fram mikill vilji starfsmanna um að bæta þennan þátt og gera meiri kröfur til nemenda.

Markmið

- Að nemendur Akurskóla verði á landsmeðaltali í öllum greinum á samræmdum prófum í 4., 7. og 9. bekk. Landsmeðaltal er 30.
- Að fjölga nemendum sem fá B+ og A á samræmdum prófum.
- Að 15% nemenda sýni meiri framfarir en almennt gerist á milli samræmdra prófa í 7. og 9. bekk.
- Að 70% nemenda nái yfir 70% rétt í Talnalykli í 3. og 6. bekk.
- Að nemendur Akurskóla nái lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Umbótateymi starfandi allt skólaárið	Stjórnendur og kennarar	Komið á dagskrá og fundir allt árið.
Endurmenntun	Stjórnendur	Endurmenntun allt skólaárið bæði á vegum skólans og Fræðsluskrifstofu.
Úrvinnsla lesfímiprófa	Kennarar. Fræðsla frá MMS	1. okt 2019
Foreldrafundur 1. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar	11.9.2019
Námsefniskynningar í öllum árgöngum	Kennarar	11.9.2019
Foreldrafundir á samtalsdegi	Umsjónarkennarar	Þrisvar yfir skólaárið og í kjölfarið af Logoskimunum og Talnalykli.
Hópastærðir	Stjórnendur	Huga betur að hópastærðum og setja inn þrjá til fjóra kennara þar sem það á við.
Innleiðing agastefnu – breytt menning	Stjórnendur og kennarar	Áframhaldandi innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar.
Fjölbreyttar kennsluáferðir	Kennarar	Hafðar að leiðarljósi í skólastarfinu.
Stoðþjónusta efld	Stjórnendur og kennarar	Námsver á unglingsstigi, nýr sérkennari ráðinn og fleiri stuðningsfulltrúar.

Teymi vegna nemenda	Deildastjórar, verkefnastjóri stoðþjónustu og námsráðgjafi	Þverfagleg teymi stofnuð utan um nemendur með sérþarfir. Teymin hittast reglulega og sjá til þess að þörfum nemenda sé mætt.
----------------------------	--	--

Hvað hefur verið framkvæmt?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða á starfsmannafundum og deildafundum um námsárangur nemenda í Akurskóla. Þá hafa stjórnendur staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum og fræðsluerindum um nám og kennsluhætti. Kennarar hafa verið duglegir að sinna endurmenntun. Kennarar hafa sett fram umbótaáætlanir í kjölfar skimana fyrir hvern árgang. Umsjónarkennarar hafa farið yfir niðurstöður skimana á samskiptadögum. Þar er farið yfir hvernig viðkomandi nemandi stóð, hvað skólinn þarf að gera og hvað heimili þarf að gera. Breytingar á unglíngastigi eru skref í rétta átt en þar hefur rýmum verið lokað og settar á vinnustundir fyrir nemendur.

Mat á árangri

Niðurstöður skimana og prófa skoðaðar um leið og þær liggja fyrir. Niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu vorið 2020 þar sem metið er hvort viðmið hafi náðst. Þessi þáttur hefur verið áhersluþáttur síðastliðin tvö skólaár og hafa borið árangur. Nemendur í 4. og 7. bekk voru yfir landsmeðaltali í samræmdum prófum þetta árið og ánægjuleg þróun átti sér stað á samræmdum prófum í 9. bekk á milli ára en fjöldi nemenda sem fengu A og B+ hækkaði á öllum prófum. Nánar er hægt að lesa um árangur í sjálfsmatsskýrslu sem gefin var út vorið 2019.

Umræður um umbótaþátt

Mikilvægt er að kennarar nýti sér niðurstöður samræmdra prófa og skimana sem lagðar eru fyrir nemendur.

- Skimanirnar gefa kennurum mjög góða og skýra mynd af stöðunni og því mikilvægt að setja upp áætlun og fá foreldra með í lið til að bæta árangur og vinna með þá þætti sem þarfnast lagfæringa.
- Samræma þarf vinnu út frá niðurstöðum skimana. Að gengið sé að ákveðnum verkefnum sem unnin eru í skóla og heima.
- Að leitað sé eftir aðstoð hjá verkefnastjóra stoðþjónustu og jafnvel kennsluráðgjafa.
- Samstarf kennara að leiðum og lausnum.
- Fylgja þarf eftir áætlunum og skipulagi.
- Fylgja þarf eftir þeirri vinnu sem við felum heimili.
- Auka skapandi skólastarf á öllum stigum.

Innleiðing aga/uppeldisstefnu

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og teymi

Þörf fyrir umbætur

Í starfsmannasamtölum, ytra mati og almennum umræðum þá kom fram áhugi á að skólinn tæki upp agastefnu þar sem allir væru að fylgja ákveðnum gildum og reglum.

Markmið

- Að efla og samræma vinnubrögð við brotum á skólareglum.
- Að samræma gildi og nálganir við nemendur.
- Að starfsmenn séu sáttir og öruggir í starfi sínu.
- Að starfsmenn þekki vel til þeirra ferla sem unnið er eftir gagnvart nemendum.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Teymi stýrir vinnu starfsmanna	Teymi	Allt skólaárið í gangi.
Námskeið erlendis	Stjórnendur og teymi	Vor 2020
Ráðstefna Uppbyggingafélagið	Stjórnendur	Vor 2020
Heimsókn í aðra skóla	Stjórnendur	Vor 2020
Umsjónardagur með áherslu á Uppbyggingastefnuna	Stjórnendur og kennarar	Ágúst 2019
Fræðsla og fyrirlestur	Stjórnendur	Haustönn

Hvað hefur verið framkvæmt?

- Haldinn var starfsmannfundur skólaárið 2016-2017 þar sem Uppeldi til ábyrgðar var kynnt.
- Umræður voru um agastefnuna og ákvörðun tekin um að innleiða Uppbyggingarstefnuna.
- Námskeið og leshópar skólaárið 2017-18.
- Teymi fór til Brighton vorið 2018 á ráðstefnu um uppbyggingarstefnuna.
- Teymi og fræðsla skólaárið 2018-19.

Mat á árangri

Fyrirhugað er að meta árangur í starfsmannasamtölum vorið 2020 og starfsmannakönnun Skólalúpsins.

Umræður um umbótarátt

Á starfsmannafundum, í ytra mati og deildafundum komu ítrekað fram óskir starfsmanna að skólinn væri með agastefnu.

- Starfsfólk þarf að vinna eftir sömu gildum og reglum.
- Starfsfólk þarf að vera meðvitað og öruggt í samskiptum við nemendur.
- Starfsfólk og nemendur fara í gegnum þarfagreiningu.

- Starfsfólk þarf að vinna með skólabrag og bekkjaranda í gegnum þarfagreiningu og reglur sem nemendur vinna sameiginlega að.
- Unnið er með bekkjarsáttmála með nemendum.
- Unnið er með starfsmannasáttmála með starfsfólki.

Umbótateymi

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og teymi

Pörf fyrir umbætur

Við höfum unnið með árangursríkt skólastarf undanfarin ár þar sem unnið hefur verið m.a. með skólareglur og námsárangur. Í ár var ákveðið að stofna teymi til að ná enn frekari árangri í skólastarfinu. Sett voru saman sex teymi, Byrjendalæsi, Uppeldi til ábyrgðar, stærðfræði, umhverfi, samfélagsgreinar og skólalíðan

Markmið

- Að efla og samræma námsgreinar
- Að auka umhverfisvitund
- Að efla byrjendalæsiskennslu
- Að tryggja samfellu námsgreina
- Að fræða og efla starfsmenn í Uppbyggingastefnunni
- Að koma auga á áhættuþætti og vinna markvisst með það sem gengur vel

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Umbótateymisfundir	Stjórnendur	Allt árið
Kynning á teyimum	Teymin	Tvisvar á skólaárinu

Hvað hefur verið framkvæmt?

Áður verið unnið að yfirferð á verkferlum og árangursríkara skólastarfi í hópum. Búið að setja fram fundadagskrá og skipulag fyrir umbótateymin.

Mat á árangri

Fyrirhugað er að meta árangur í starfsmannasamtölum vorið 2020.
Skýrslur frá teyimum.

Umræður um umbótaþátt

- Við viljum árangursríkt skólastarf
- Samræma námsgreinar á öllum stigum
- Umhverfisstefna fyrir skólann
- Auka áherslu á að kenna lestur

Tengsl við foreldra – sýnileiki skólans

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og kennarar

Þörf fyrir umbætur

Foreldrar hafa kallað eftir auknum tengslum á milli heimilis og skóla, m.a. í foreldrakönnun Skólapúlsins. Foreldrar hafa óskað eftir auknu aðgengi að skólastarfinu og að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar og sýnilegar. Kennarar vilja einnig sjá foreldra taka virkan þátt í skólagöngu barna sinna og fagna allri samvinnu.

Markmið

- Að auka samstarf heimilis og skóla
- Að auka aðgengi foreldra að skólastarfinu
- Að gera skólastarfið sýnilegra foreldrum

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Ný heimasíða skólans	Stjórnendur	Haust 2019
Námsefniskynning	Stjórnendur	September
Þjóða upp á fræðslufyrirlestra fyrir foreldra í samstarfi við foreldrafélagið	Deildarstjórar og foreldrafélag	Allt árið
Senda skólareglur til foreldra til yfirlstrar og umsagnar	Stjórnendur	September
Skólanámskrá almennur hluti sendur á foreldra í tölvupósti	Stjórnendur	September
Skólanámskrá – starfsáætlun send á foreldra í tölvupósti	Stjórnendur	September
Kaffihúsafundur með foreldrum og stjórnendum	Stjórnendur	Janúar/febrúar
Efla og auka fréttáflutning af skólastarfinu	Kennarar og stjórnendur	Allt skólaárið

Hvað hefur verið framkvæmt?

- Samstarf við foreldrafélag skólans hefur verið öflugt hingað til og góð tengst á milli skólans og foreldrafélagsins.
- Fréttir úr skólanum hafa verið birtar á heimasíðu skólans og facebook síðu skólans.

Mat á árangri

Fylgjast þarf með mætingu foreldra á viðburði á vegum skólans. Einnig viðbrögðum þeirra og þátttöku þegar þess er óskað. Taki foreldrar þátt í skólastarfinu í auknum mæli er hægt að meta það

sem árangur. Foreldrar eru spurðir um þennan þátt í Skólapúlsinum árlega og vonandi sjáum við aukna ánægju foreldra með sýnileika skólans.

Umræður um umbótaþátt

- Við viljum að foreldrar séu ánægðir með skólann.
- Við viljum að foreldrar upplifi sig sem virka þátttakendur í skólagöngu barna sinna.
- Við viljum að foreldrar treysti skólanum.
- Við viljum skapa gott samstarf á milli heimilis og skóla.